



Skipulags- og samgönguráð

Málsnúmer: USK2019040006

1. apríl 2019

### Áfangaskipting undirbúnings varanlegra göngugatna, tillaga

Borgarstjórn samþykkti þann 4. september 2018 að fela umhverfis- og skipulagssviði að gera tillögu að útfærslu Laugavegs og Bankastrætis sem göngugötur allt árið ásamt þeim götum í Kvosinni sem koma til greina sem göngugötur.

Óskað er heimildar til áframhaldandi vinnu og forhönnunar í samræmi við eftirfarandi tillögu að áfangaskiptingu undirbúnings að göngugötum allt árið.

**Fyrsti áfangi:** Laugavegur frá Ingólfsstræti að Klapparstíg og Skólavörðustígur frá Bergstaðastræti að Laugavegi.

**Annar áfangi:** Laugavegur frá Klapparstíg að Frakkastíg. Bankastræti að Lækjargötu. Þingholtsstræti frá Bankastræti að Amtmannsstíg. Bergstaðastræti frá Skólavörðustíg að Laugavegi.

**Þriðji áfangi:** Laugavegur frá Frakkastíg að Barónsstíg.

Fyrir hönd skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar,

Edda Ívarsdóttir  
Borgarhönnuður